

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.01.2022
Nr. MSS22010132

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að hollustuháttarreglugerð nr. 2/2022

Reykjavíkurborg fagnar væntanlegum breytingum á reglugerð um hollustuhætti og að tekið sé tillit laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Það er mikilvægt að tekið sé mið af veruleika trans og intersex fólks sem og nýlegra laga við endurskoðun reglugerða og skipulags samfélagsins. Þrátt fyrir að tekin séu skref í rétta átt telur Reykjavíkurborg að enn séu tækifæri til að gera betur. Á heildina litið telur borgin að það mætti skýra betur hver stefnan er þegar kemur að því að tryggja rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis í tengslum við reglugerðina um hollustuhætti og um leið til hvers er ætlast af þeim sem fylgja reglugerðinni.

Hér að neðan eru athugasemdir varðandi einstakar greinar og orðalag sem borgin telur að megi breyta og bæta, en þær voru teknar saman af sérfræðingum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Í 16. gr. um *Húsnæði* kemur fram að „Við framkvæmd reglugerðar þessarar skal tryggja, eftir því sem við á, að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis og líkamlegrar friðhelgi“. Reykjavíkurborg veltir fyrir sér hvort að almennur skilningur sé á því hvað slíkt felur í sér og hvort heppilegra sé að koma þessum skilaboðum áleiðis með því að bæta við frekari útskýringum; t.d. að tryggja skal aðstöðu sem þjónar fólki af öllum kynjum og taka tillit til þess að þrír möguleikar eru nú í opinberri kynskráningu samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræð: karlkyn, kvenkyn og hlutlaus kynskráning.

Reykjavíkurborg gerir svipaða athugasemd við orðalagið í 18. gr. um *Snyrtingar*. Þar segir „Tryggja skal að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis.“ Aftur er bent á að orðalagið er nokkuð óskýrt og ekki víst að almennur skilningur sé á því hvað það felur í sér né hver stefnan er. Tilgangurinn með reglugerðinni er að veita leiðbeiningar um útfærslu laga og telur Reykjavíkurborg að hér þurfi að gera slíkt með skýrari hætti. Ef stefnan er sú að almennt eigi snyrtingar að vera einstaklingsbundnar og ókyngreindar þannig að þær henti öllum kynjum, nokkuð sem Reykjavíkurborg er fylgjandi¹, þarf að segja það með skýrum hætti. Um leið þarf að taka fram að þar sem snyrtingar kunna að vera kyngreindar fyrir karla og konur skal ætíð gera ráð fyrir ókyngreindum snyrtingum einnig.

Í 18. grein kemur einnig fram að einnota tíðavörur skulu vera aðgengilegar. Reykjavíkurborg fagnar þessu framtaki en bendir þó á að hér mætti bæta við þeim leiðbeiningum að slíkar vörur skulu vera aðgengilegar fólki óháð kyni, þannig að þær séu ekki bundnar við ákveðin kyngreind svæði (t.d. kvennasalarni).

¹ Bent er á skýrslu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar þar sem afstaða borgarinnar er varðar snyrtingar, búningsaðstöðu og ókyngreinda aðstöðu er bæði skýr og afgerandi:
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/bref_m_skyrslu_asamt_fylgiskjolum.pdf



Í 27. gr. um *Tjald- og hjólhúsasvæði og útihátíðir* gerir Reykjavíkurborg athugasemd við orðalag um þvagstæði fyrir karla og að hluti salerna karla megi skipta út fyrir þvagstæði. Hér er bent á að hvergi er gefin upp tala um fjölda salerna fyrir karla eða hlutfall salerna sem á að vera fyrir karla og því óeðlilegt að fjallað sé um 1/3 þeirra í þessari grein. Um leið er bent á að hvergi er minnst á salerni kvenna eða hlutfall þeirra né um salerni kvára eða hlutfall þeirra. Þá er mikilvægt að benda á að þvagstæði geta verið nýtt af öðrum kynjum en einungis körlum. Orðalagið í þessari grein mætti því endurskoða og tryggja að ef um kyngreiningu sé að ræða á salernum á tjald- og hjólhúsasvæðum og útihátíðum að gert sé ráð fyrir öllum kynjum. Þá telur Reykjavíkurborg rétt að benda á að byggingarreglugerðin hefur ekki verið uppfærð með hliðsjón af lögum um kynrænt sjálfræði, en í reglugerðinni er einungis fjallað um salerni kvenna og karla og um þvagstæði fyrir karla. Önnur kyn koma ekki við sögu. Þó svo að ekki megi ganga *gegn* byggingarreglugerð veltir Reykjavíkurborg því fyrir sér hvort megi þó ekki ganga *lengra* í endurskoðun á reglugerðinni um hollustuhætti.

Í 29. gr. um *Húsnæði og aðbúnað* kemur fram að „Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum.“ Telur Reykjavíkurborg mikilvægt að hér verði gerð krafa um að slík aðstaða verði aðgengileg öllum kynjum, en það þekkest því miður að einungis eitt kyn hafi aðgang að slíku (t.d. þegar skiptiaðstaða er á kvennasnyrtingu). Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra kynja að slíkri aðstöðu, hvort sem það er gert með því að koma henni fyrir í ókyngreindu rými eða koma slíkri aðstöðu fyrir í hverju kyngreindu rými.

Í 40. gr. um *Íþróttamannvirki og íþróttavelli* er hvergi minnst á kynrænt sjálfræði né ókyngreind búningsherbergi með baðaðstöðu þrátt fyrir orðalag 16. greinar þar sem segir að „Við framkvæmd reglugerðar þessarar skal tryggja, eftir því sem við á, að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis og líkamlegrar friðhelgi“. Telur Reykjavíkurborg mikilvægt að reglugerðin ávarpi að það þurfi einnig að tryggja að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis í tengslum við íþróttamannvirki og íþróttavelli, og þá með þeim hætti að fullur skilningur sé á því hvað það felur í sér. Heppilegast væri að taka það fram að þar sem búningsherbergi með baðaðstöðu séu yfirhöfuð kyngreind fyrir konur og karla skal einnig vera búningsherbergi með baðaðstöðu fyrir önnur kyn. Það skýtur skökku við að slíkt sé ekki ávarpað í þessari grein reglugerðarinnar miðað við þær breytingar sem eru gerðar annars staðar. Þetta getur orðið til þess að framkvæmdir á íþróttamannvirkjum og íþróttavöllum taki því ekki mið af kynsegin fólki, né annarra sem nýta slíka klefa, nokkuð sem er líklegt að komi í bakið á framkvæmdaaðilum síðar meir.

Sömu athugasemdir um búnings- og baðstöðu og salernisaðstöðu eru gerðar um 41. gr. um *Skipulagða afþreyingarstarfsemi*.

Samantekt

Reykjavíkurborg vill ítreka ánægju sína með það er unnið sé að mikilvægum og tímabærum breytingum á hollustuháttareglugerð. En um leið er bent á ýmsa vankanta sem þarf að ávarpa og lagfæra til þess að reglugerðin þjóni tilgangi sínum og taki raunverulega mið af lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og veruleika trans og intersex fólks. Heilt yfir telur borgin þörf á því að útskýra nánar hvað það að tryggja rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis felur í sér. Stefnan í þeim efnum þarf að vera skýrari þannig að þau sem fylgja reglugerðinni vita hvers er ætlast til af þeim. Þá er þörf á því að lagfæra reglugerðina m.t.t. búningsherbergja með



Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

baðaðstöðu, m.a.. Reykjavíkurborg býður sig fram til samtals um ofangreindar athugasemdir, sé eftir því óskað.

Virðingafyllst,

f.h. mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

Svandís Anna Sigurðardóttir